

endurskoðunarstarfa. Skulu endurskoðendur hafa samráð um störf sín. Endurskoðendur skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa góða þekkingu og reynslu í bókhaldi og bankaviðskiptum. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, bankaráðsmanna, bankastjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Endurskoðandi má heldur eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Kjósa má endurskoðendur úr flokki hluthafa sem utan hans. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur og stöðu. Bankaráð og bankastjórar skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Skal þeim heimill aðgangur að öllum bókkum félagsins og skjölum og jafnframt skal bankaráðið og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Fyrir marsmánaðarlök skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans og ber þeim þá þegar að afhenda hann ásamt endurskoðunarskýrslu stjórn bankans. Hafi athugasemdir komið fram í endurskoðunarskýrslu skal bankastjórnin í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við bankaráð og bankastjórn skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók, eða færa fram á skriflegan hátt. Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

4. gr.

50. gr. til 54. gr. falli niður.

5. gr.

55. gr. til 64. gr. verði 50. gr. til 59. gr.

6. gr.

65. gr. hljóði svo:

Breyting á reglugerð þessari 3. desember 1980 var samþykkt á aðalfundum Iðnaðarbanka Íslands h. f. hinn 31. mars 1979 og 29. mars 1980.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1980.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Jafet S. Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflökka.

1. gr.

Á eftir 12. gr. reglugerðarinnar komi svohljóðandi grein.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýrra lánaflokka vegna breytinga á vanskilum lána þilfarsskipa og fiskvinnslustöðva úr sjóðnum í föst lán og er ákvæði þetta sett til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

Sjóðsstjórn ákveður fjárhæð hvers einstaks skuldbreytingaláns, en þó skal lán aldrei vera herra en sem nemur vanskilum lána hvers einstaks skips eða fiskvinnslustöðvar úr sjóðnum annarra en konverteringarlána og hagræðingarlána 31. des. 1980 að frádregnum þeim greiðslum sem lögboð'ð eða umsamið er að borist hafi fyrir þann dag svo og að frádreginni samtölu þeirra afborgana viðkomandi lána, sem fallið hafa í gjalddaga á síðara misseri ársins 1980. Skilyrði þess að aðili eigi kost á slíku láni, er að ljóst sé, að viðkomandi fiskiskip eða fiskvinnslustöð verði í eðlilegum rekstri og að greiðslur viðkomandi skips í Stofnfjár sjóð fiskiskipa verði auknar með samningum eða, að viðkomandi fiskvinnslustöð semji um greiðslur til sjóðsins á tilteknum hundraðshluta af skilaverði útfluttra sjávarafurða í það mark, sem sjóðsstjórn telur nægjanlegt hverju sinni.

Lán þessi skulu tryggð með 1. samhliða veðrétti í viðkomandi fiskiskipi eða með veði í viðkomandi fiskvinnslustöð, ásamt vélum og búnaði, innan 60% af matsverði hins veðsetta. Heimilt er stjórn sjóðsins þó að krefjast frekari trygginga, ef hún telur það nauðsynlegt.

Lánskjör skulu vera þau sömu sem í gildi verða á almennum skipalánum og fasteignalánum í sjóðnum á afgreiðsludegi lána þessara.

Lánin skulu að jafnaði endurgreiðast á 5 árum, en skulu þó eigi vera til lengri tíma en 7 ára og eigi skemmri en til 3 ára. Gjald dagar lánanna skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta afborgun skal þó ekki falla í gjalddaga fyrr en 1. maí 1982. Af lánum þessum skal greiða 0.5% lántökugjald.

Umsóknir um lán þessi skulu hafa borist sjóðnum eigi síðar en 25. janúar 1981 og skal að því stefnt, að öllum skuldbreytingum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu verði lokið fyrir 15. apríl 1981.

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Jón L. Arnalds.*

## AUGLÝSING

### um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi nýkrónu sem skráð verður í erlendri mynt af Seðlabanka Íslands á hádegi hinn 30. desember n. k. og gildi tekur 1. janúar 1981